

8. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Miðtúni 1,
Tálknafirði, 29. september 2015
og hófst hann kl. .

Fundinn sátu:

Björgvin Sigurjónsson (BS) formaður, Björgvin Smári Haraldsson (BSH) aðalmaður, Kristinn Hilmar Marinósson (KHM) aðalmaður og Indriði Indriðason (II) sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Indriði Indriðason, sveitarstjóri

Dagskrá:

1. Stofnun hafnarsamlags. - 1509074

Sveitarstjóri skýrði frá hugmyndum um stofnun hafnarsamlags. Formaður nefndi að það hefði verið samþykkt fyrir fjórtán árum að stofna hafnarsamlag með Vesturbyggð. Nefndin gerir ekki athugasemdir við stofnun hafnarsamlags,

Samþykkt samhljóða

2. Aðstaða fyrir nótaþvottastöð - 1509075

Atvinnu- og hafnarnefnd gerir ekki athugasemd við staðsetningu á fyrirhugaðari nótaþvottastöð, jafnframt fagnar nefndin nýjum atvinnutækifæra.

Samþykkt samhljóða.

3. Staða í atvinnumálum. - 1509076

Nefndin fór yfir stöðu atvinnumála og lýsir áhyggjum sínum á stöðu stærasta fyrirtækisins á staðnum. Nefndin vill samt benda á að mörg tækifæri eru í nýjum greinum, ss. ferðaþjónustu, fiskeldi o.fl.

Nefndin hvarmar þá stöðu sem komin er, að enn er höggvið í þau fáu opinberu störf sem eru á landsbyggðinni. Jafnframt vill nefndin taka fram að hugtakið samfélagsleg ábyrgð opinbera fyrirtækja er túlkuð með afar undarlegum hætti.

4. Aflagjald á eldisfiskí, könnu Sambands Íslenkra sveitarfélaga. - 1509077

Til kynningar.

5. Umsókn í uppbyggingarsjóð ferðamannastaða - 1509078

Sveitarstjóra og formanni Atvinnu- og hafnarnefndar falið að vinna að umsókn í uppbyggingarsjóð ferðamannastaða.

Samþykkt samhljóða.

6. Móttaka og meðferð úrgangs og farmleifa frá skipum - 1509079

8. fundur
13. mars 2017

Til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. .

Björgvin Sigurjónsson (BS)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)

Kristinn Hilmar Marinósson
(KHM)

Indriði Indriðason (II)
